

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu  
b/t Rúnar Guðmundsson  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík 16. apríl 2019  
UST201903-258/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Geldingafell – skálasvæði - Bláskógabyggð**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 26. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að tillögu að deiliskipulagi fyrir skálasvæði við Geldingafell í Bláskógabyggð.

Í greinargerð kemur fram að á skálasvæðinu við Geldingafell (nr. AF28) sé gert er ráð fyrir byggingum fyrir ferðaþjónustu, s.s. veitinga- og gístaðstöðu fyrir allt að 50 manns. Einnig kemur fram að afmarkaðar verða tvær lóðir fyrir núverandi starfsemi og heildar byggingarmagn innan hvorrar lóðar getur verið allt að 700 m<sup>2</sup>. Hluti mannvirkja er nýttur sem geymsla fyrir vélsleða og búnað tengdum vélsleðaferðum.

#### **Umhverfisvernd**

Mikilvægt er að mati Umhverfisstofnunar að byggja upp innviði svæðisins og setja umgengisreglur til að tryggja að verndargildi svæðisins rýrni ekki t.d með því að afmarka bílastæði.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að í tillögunni sé gert ráð fyrir að umferð ferðamanna á svæðinu sé stýrt til að koma í veg fyrir rask og draga úr ágangi á viðkvæma náttúru á svæðinu og í næsta nágrenni.

#### **Óraskað svæði**

Í lýsingu kemur fram að undanfarin ár hefur byggst upp aðstaða á svæðinu þar sem núverandi mannvirki eru einungis með stöðuleyfi. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að uppbygging skálasvæða fari fram á þegar röskuðum svæðum og óröskuðum svæðum sé hlíft.

### **Mat á umhverfisáhrifum**


Umhverfisstofnun bendir á að tillagan fellur mögulega undir lið 12.05 í 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, en þar segir að þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á hálendi og á verndarsvæðum á láglendi utan þéttbýlis, orlofsþorp, hótél og tengdar framkvæmdir utan þéttbýlis falla undir B flokk framkvæmda sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Umhverfisstofnun bendir framkvæmdaaðila á að hafa samband við Skipulagsstofnun til að fá úr því skorðið hvort tillagan falli undir ofangreindan lið.

### **Umhverfisskýrsla**

Að mati Umhverfisstofnunar er umhverfisskýrsla tillögunnar eins og hún er kynnt í lýsingu vera til fyrirmyndar.

Stofnunin telur ofangreinda lýsingu gera fullnægjandi grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur